

Sb.

865. Tillaga til þingsályktunar

[328. mál]

um skoðanakannanir.

Flm.: Halldór Blöndal.

Alþingi ályktar að kjósa fimm manna nefnd hlutfallskosningu á Alþingi, er semji frumvarp til laga um skoðanakannanir. Frumvarpið skal lagt fyrir næsta Alþingi.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur það fæst í vöxt, að skoðanakönnunum hefur verið beitt, sumpart í auglýsingaskyni eða sem fréttæfni og sumpart í áróðursskyni. Fæstum blandast hugur um, að villandi skoðanakönnun getur haft áhrif á almenningsálit, enda gefur hún í skyn að almennur vilji hafi verið kannaður, þótt einungis hafi verið um hálfkák að ræða. Hægt er að nefna þess dæmi, að skoðanakannanir hér á landi hafi gefið alrangar upplýsingar um raunverulegt viðhorf þorra manna.

Um þessa þingsályktunartillögu þarf ekki að fara fleiri orðum. Auglýsingamennska og múgmennska tröllriður þjóðfélaginu. Til þess að stemma stigu við því, að frekari misbeiting eigi sér stað með skoðanakönnunum og túlkun þeirra, er nauðsynlegt að settar verði leikreglur, sem allir verða að hlýða. Nóg eru um upplausnina samt.